

Leiðbeinandi reglur um meðferð fjármuna ófjárráða barna

Almenn atriði

Ákvarðanir um fjármál eru mikilvægur þáttur í lífi fólks á öllum aldri. Með þessum bæklingi er leitast við að varpa ljósi á þær reglur sem gilda um meðferð fjármuna ófjárráða einstaklinga, einkum barna. Umfjöllunin er þó langt frá því að vera tæmandi.

Lögræði og lögráðamenn barna

Um lögræði er fjallað í lögræðislögum, nr. 71/1997. Einstaklingar verða lögráða 18 ára en þá öðlast þeir bæði sjálfræði og fjárræði. Börn eru því ófjárráða til 18 ára aldurs.

Lögráðamenn fara með fjármál barns fram að 18 ára aldri. Lögráðamenn eru foreldrar barns (kynforeldrar eða kjörforeldrar) sem fara með forsjá þess eða aðrir einstaklingar sem hefur verið falin forsjá barns samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003, með formlegum samningi staðfestum af sýslumanni.

Við skilnað eða samvistarlit foreldra er tekin ákvörðun um hvort þeirra skuli fara með forsjá barna þeirra eða að þau skuli fara sameiginlega með forsjá. Ákvörðunin byggir á samningi foreldra sem staðfestur er af sýslumanni eða með úrskurði dómstóla.

Fjármunir barna

Í lögræðislögum eru fjármunir barna flokkaðir. Mismunandi reglur gilda um meðferð fjármuna eftir flokkum:

Sjálfsaflafé er það fé sem barnið hefur sjálft unnið sér inn.

Gjafafé er það fé sem barninu hefur verið gefið.

Annað fé en að ofan greinir. Sem dæmi má nefna arf og alls kyns bótagreiðslur.

Ráðstöfun fjármuna barna

Samkvæmt lögræðislögum ræður ófjárráða einstaklingur ekki yfir fé sínu nema lög kveði á um annað. Lögráðamaður ræður því yfir fjármunum ófjárráða einstaklings. Umráð lögráðamanns ná þó hvorki til eftirtalins fjár né vaxta og verðbóta af því:

- Þess fjár sem barnið hefur sjálft unnið sér inn (sjálfsaflafé).
- Þess fjár sem barninu hefur verið gefið án skilyrða (gjafafé).
- Þess fjár sem lögráðamaður hefur látið barnið hafa til ráðstöfunar.

Fjármunir barns skulu ávaxtaðir eins og best gerist á hverjum tíma. Lögráðamanni ber skylda til að fræða barn og taka ákvarðanir um fjármál þess með hagsmuni þess að leiðarljósi. Við ráðstöfun fjármuna barns skal haft samráð við barnið eftir því sem kostur er miðað við þroska þess.

Skadabótaábyrgð lögráðamanns

Lögráðamaður ber ábyrgð á þeim fjármunum barns sem hann hefur umráðarétt yfir samkvæmt lögræðislögum. Lögráðamaður skal ávallt halda fjármunum barns aðgreindum frá eigin fjármunum. Misfari lögráðamaður með fé barns ber hann bótaábyrgð gagnvart barninu.

Eftirlit yfirlögráðanda og skyldur lögráðamanna gagnvart yfirlögráðanda

Sýslumenn eru yfirlögráðendur í sínu umdæmi. Hlutverk þeirra felst m.a. í að hafa eftirlit með ráðstöfunum lögráðamanna með fjármuni barna. Samþykki yfirlögráðanda þarf til ýmissa ráðstafana sem varða fjármuni ófjárráða einstaklinga. Sem dæmi má nefna (ekki er um tæmandi upptalningu að ræða):

- Lögráðamanni er skylt að hafa samráð við yfirlögráðanda varðandi varðveislu og ávöxtun þeirra fjármuna/eigna ófjárráða sem eru að verðmæti yfir 500.000 kr.
- Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að ganga á eignir ófjárráða einstaklings til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.
- Þegar ekki er skráður úttektaraðili á innlánsreikningi ófjárráða (þ.e. reikningseigandi einn er með úttektarheimild) skal ekki aflétta bindingu, nema skrifleg fyrirmæli um það berist frá yfirlögráðanda
- Óheimilt er að setja fjármuni ófjárráða einstaklings sem tryggingu fyrir skuldbindingu eða láta ófjárráða einstakling gangast í ábyrgð eða setja tryggingu fyrir þriðja aðila. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.
- Óheimilt er að lána fé ófjárráða. Þó getur yfirlögráðandi heimilað undantekningu við vissar aðstæður gegn tryggu veði í fasteign.
- Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að skuldbinda ófjárráða einstakling vegna kaupa eða sölu ýmissa eigna hans, t.d. fasteigna og skráningarskyldra ökutækja. Sama gildir ef ófjárráða einstaklingi eru gefnar slíkar eignir.

Rísi ágreiningur um meðferð fjármuna ófjárráða einstaklings má bera þann ágreining undir yfirlögráðanda.

Skylt er að fylgja fyrirmælum yfirlögráðanda varðandi fjármuni ófjárráða einstaklings.

Innlánsreikningar barna

Innlánsreikningur sem geymir fjármuni barns skal skráður á nafn barnsins. Nafn lögráðamanns skal þó ávallt koma fram á umsókn um stofnun reiknings nema annað komi fram hér á eftir

Stofnun innlánsreiknings barns

Barn, sem er 11 ára eða yngra, getur ekki stofnað bankareikning án samþykkis lögráðamanns. Frá og með 12 ára aldri getur barn sjálft stofnað innlánsreikning (sparnaðarreikning) með sjálfsaflafé eða gjafafé sínu. Lögráðamaður, gefandi eða atvinnurekandi hefur sömu heimild til stofnunar slíkra reikninga. Atvinnurekandi og gefandi, ef annar en lögráðamaður, hafa ekki heimild til að skrá sig sem aukanoanda og hafa þar af leiðandi ekki skoðunarheimild.

Þegar um annað fé er að ræða en sjálfsaflafé eða gjafafé, skal lögráðamaður undirrita umsókn um stofnun innlánsreiknings. Stofna skal sérstakan reikning fyrir slíkt fé, til aðgreiningar frá reikningum með sjálfsaflafé og gjafafé. Skal nafn lögráðamanns (kennitala) skráð sem aukanafn á reikninginn.

Úttektarheimildir

Sjálfsaflafé og gjafafé gefið án skilyrða:

Barnið eitt hefur úttektarheimild.

Gjafafé gefið með skilyrðum:

Gefandi getur við stofnun innlánsreiknings barns sett fyrirmæli í umsókn um stofnun reikningsins um að annað hvort einungis lögráðamaður hafi úttektarheimild eða að lögráðamaður auk barns hafi úttektarheimild. Önnur skilyrði er gefanda ekki heimilt að setja. Þegar gefandi óskar eftir því að binda meðferð gjafafjár öðru þessara skilyrða er nauðsynlegt að stofna sérstakan reikning vegna gjafarinnar og setja inn í kerfin athugasemdir um meðferð hans. Gefandi hefur að sjálfsögðu hvorki úttektar- né skoðunarheimild.

Annað fé:

Lögráðamaður einn hefur úttektarheimild.

Upplýsingagjöf

Barnið og lögráðamaður þess hafa heimild til að fá upplýsingar um innlánsreikning barnsins, hvort sem um sjálfsaflafé, gjafafé eða annað fé er að ræða. Vegna reglna um bankaleynd er ekki heimilt að gefa öðrum upplýsingar um innlánsreikninga ófjárráða. Þetta myndi ná til þeirra sem hafa stofnað bankareikning á nafni barns, t.d. amma eða atvinnuurekandi.

Aðrar ráðstafanir í tengslum við reikninga ófjárráða

Ekki er heimilt að gera neinar ráðstafanir varðandi reikning barns án samþykkis þess og/eða lögráðamanns þess. Það er því t.d. hvorki heimilt að læsa reikningi né flytja innstæðu á annan reikning án samþykkis réttra aðila.

Tilkynningarskylda sparisjóðs til yfirlögráðanda

Þeim sem inna af hendi fjárgreiðslu til lögráðamanns, sem er eign hins ófjárráða, er skylt að tilkynna yfirlögráðanda ef greiðslan er að fjárhæð 500.000 kr. eða hærri.

Starfsmaður sparisjóðs, sem færi beiðni um úttekt af reikningi ófjárráða, skal meta í samráði við yfirmann hvort senda skuli tilkynningu til yfirlögráðanda ef um er að ræða röð tengdra úttekta sem samtals ná kr. 500.000.

Tilkynningu skal beina til yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem hinn ófjárráða maður er með lögheimili.

Breyting á forsjá

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingu á forsjá barns til sparisjóðs þar sem barnið er með reikning.

Ófjárráða verður fjárráða

Þegar einstaklingur verður 18 ára að aldri fær hann yferráð yfir fjármunum sínum. Bankareikningur, sem lögráðamaður hafði áður yferráð yfir, fellur þá undir yferráð reikningseigandans.

Önnur fjármálaviðskipti en að framan greinir

Um önnur fjármálaviðskipti barna en að framan greinir, svo sem verðbréfavíðskipti, gilda sambærilegar reglur eftir því sem við getur átt.

Lögræðislög nr. 71/1997 eru aðgengileg á netinu. Slóðin er <http://www.althingi.is>